

Fundur í stjórn Þyts 6. Nóv.. 2017

Mættir: Gunnar Freyr, Árni Geir og Árni Þór sem ritaði fundinn.

1. Félagaskrá rædd og hvernig standa eigi að því að uppfæra hana. Athuga þarf hvaða reglur gilda um framlög Hafnarfjarðarbæjar með tilliti til félagaskrár.
2. Innheimtumál rædd. Taka þarf afstöðu til aðferðar við innheimtu. Ljóst er að það verði dýrt að senda út greiðsluseðla til allra skráðra félaga. Einnig voru posamál rædd. Gjaldkeri telur heppilegast að leigja posa þegar þörf er á honum.
3. Áætlanir um tiltekt í klúbbhúsnæði ræddar. Koma þarf lagi á geymslu báta og áhalda fyrir veturinn.
4. Foreldrafundur 7. nóv. Hvatt til að sem flestir stjórnarmenn geti hitt foreldra barna í afingrahópi kl 20 framangreindan dag. Ræddar voru ástæður þess að fundurinn var boðaður.
5. Öryggismál varðandi eftirlitsbáta rædd.
6. Ábendingar. Tvær ábendingar liggja fyrir. Þar sem fundinn sátu einungis þrír stjórnarmenn hafði hann ekki umboð til ákvarðanatöku. Afgreiðslu ábendinganna er því frestað til næsta fundar.